

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 190 30. apríl 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 65 8. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandahrepps.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur og Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandahrepps selja raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 120.65 hver kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 47.20 hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 523.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 174.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 30.17 hver kwst.

3. Vélnotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 67.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 12 030.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 52.90 hver kwst.
3. Um mæli á kr. 31 350.00 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 10.00 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 431.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 173.20 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 287.40 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 7.32 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.-mæli á kr. 3.63 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kwst.-mæli á kr. 12.75 hver kwst. á rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

- Raforku til suðu má selja til gisthúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 35.95 hverja kwst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kwst.-mælir á kr. 61.20 hver kwst.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.-mæli á kr. 8.80 hver kwst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 27.40 hver kwst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
- Til gatnalýsingar á kr. 48.50 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1.1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 278.00
Af þrífasmælum upp að 50 amper	— 766.00
Af þrífasmælum frá 50—220 amper	— 1 129.00
Af mesta straumsmæli	— 2 833.00
Af liða fyrir álagstýringu	— 615.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins, leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

- Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 4 280.00.
- Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 4 280.00 á skrifstofu rafveitunnar.
- Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnaðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengs-

kerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1.	63 A	1-fasa	kr.	178 200.00
2.	63 A	3-fasa	—	191.700.00
3.	200 A	3-fasa	—	367 715.00
4.	300 A	3-fasa	—	1 069 200.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt samkvæmt töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 x 220 V notendakerfi er breytt, í 3 x 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	33 880.00	5 045.00	63 870.00
63 A 3-fasa	47 560.00	5 045.00	74 420.00
100 A 3-fasa	50 450.00	6 510.00	85 090.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samtals 39%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema á töxtum 5-1, 5-2, 5-3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1979, sbr. auglýsingu

nr. 192/1979, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis nr. 279 og 280, 10. ágúst 1979.

Iðnaðarráðuneytið 15. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

1.1	Fast gjald	kr. F1
	Orkugjald	— 84.35 á kWst.
1.2	Fast gjald	— F1 + F2
	Orkugjald	— 40.42 á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa.

2.1	Fast gjald	kr. F1 + F3
	Orkugjald	— 25.30 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	kr. F1 + F2
	Orkugjald	— 48.30 á kWst.
	Lágmarksgjald	— 18 x F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	— 108 149.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	— 35 342.00 á kWst. á ári
	Fast gjald	— F1 + F3
	Orkugjald	— 11.81 á kWst.
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	— 29 986.00 á kW á ári
	Fast gjald	— F1 + F3
	Orkugjald	— 9.51 á kWst.
3.4	Til súgburkkunar		
	Fast gjald	— F1
	Orkugjald	— 11.91 á kWst.

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	kr. F1 + F4
	Orkugjald	— 18.08 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2	Fast gjald	— F1 + F4
	Orkugjald	— 7.71 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	— F1 + F4
	Orkugjald	— 4.04 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		